

Af Gísl Illugasyni

Í kjölfar rannsókna Josephs Harris á Íslendingaþáttum hafa fræðimenn sýnt þessari grein fornsagna vaxandi áhuga. Eitt af því sem gerir Íslendingaþætti heillandi er óvissan um upphaf þeirra og aldur. Varðveisla þeirra bendir til náins sambands við konungasögur og hafa sumir fræðimenn litið á Íslendingaþætti sem einhvers konar millistig milli konungasagna og Íslendingasagna og hafi þeir þannig haft áhrif á sköpun Íslendingasagna.¹ Óttars þáttur svarta er dæmi um þátt sem fylgja má í tveimur konungasögum uns hann birtist fullskapaður í Ólafs sögu Styrmis fróða (sjá „articuli“ í Flateyjarbók), þ.e. á þeim tíma þegar flestar Íslendingasögur voru enn óskráðar.

En það er ekki eingöngu að fornar konungasögur geymi þætti af Íslendingum, heldur bregður þeim einnig fyrir í biskupasögum. Dæmi um þátt sem varðveittur er bæði í konungasögu og biskupasögu er Gísls þáttur Illugasonar. Hann er í Magnúss sögu berfættis í Huldu (frá miðri 14. öld) og Hrokkinskinnu (frá upphafi 15. aldar) og í allólkri mynd í Jóns sögu helga. Af þeirri sögu eru þrjár gerðir varðveittar og er þátturinn af Gísl fyrirferðarmestur í svokallaðri B-gerð. Í A-gerð er hann mun styttri og greinir auk þess öðruvísi frá í mikilvægum atriðum. C-gerð Jóns sögu er að flestu leyti samhljóða A-gerðinni en vikur þó frá henni á nokkrum stöðum.

Hve gamall er þá Gísls þáttur? Áður en svara verður leitað við þeirri spurningu skal stuttlega greint frá efni þáttarins og þá miðað við Huldu og Hrokkinskinnu (*GþH*; sjá Íslendinga sögur III:2116-2122). Hér segir frá því að Gísl fer 17 ára frá Íslandi til að hefna föður síns á Gjafvaldi, hirðmanni Magnúss berfættis sem ríkti á árunum 1093-1103. Gísl hefur vetursetu í Niðarósi við ógleði mikla en tekst loks að særa Gjafvald banasári og lýsir sök á hendur sér. Hann er settur í jarðstofu og aftaka vofir yfir honum þegar nónklukkur hringja til helgar á laugardegi. Biskup sem var í fylgd konungs segir við konunginn að maðurinn verði að eiga „helgarfríð á sér þótt hann hafi stórt til gert“. Konungur lætur til leiðast þó hann telji að hér séu brögð í tafla, þ.e. að nónklukkum hafi verið hringt of snemma. Um þessar mundir eru margir Íslendingar í Niðarósi, „frændur og vinir Gísls“, m.a. Teitur Gissurarson biskups og Jón prestur Ögmundarson, síðar biskup. Á sunnudeginum gerist sá óvænti atburður að Gjafvaldur, sem er að bana kominn og óttast sálarheill sína, kallar konung á sinn fund og biður hann að þyrma Gísl. Konungur lofar engu. Daginn eftir taka Íslendingarnir sig til að frumkvæði Teits og frelsa Gísl úr þrisundinni og fjölmenna með hann til þingsins þar sem dómur konungs á að falla yfir honum. Gestahöfðinginn Sóni talar mjög gegn

¹ Benda má á að lýsingar á andófi norskra höfðingja, einkum í Norður-Noregi, gegn ríkjandi konungum kunna að hafa haft áhrif á gerð sumra Íslendingaþátta. Þá má geta þess að líta mætti á Egils sögu, eina elstu Íslendingasöguna, sem Íslendingaþátt í stækkaðri mynd: sagan snýst um átök Íslendinga og konungs sem leiða til „farsællar“ lausnar, ólíkt flestum Íslendingasögum.

Íslendingum sem ætla sér „dóminn um manninn en eigi konungi“ og minnst á „mörfjandann“ af þessu tilefni. Hirðmaðurinn Sigurður ullstrengur er á sama máli og segir að Íslendingar „bleðji“ hirðina og „má vera að þeir láti svo ganga allt að höfðinu og þyrmi eigi heldur konunginum en öðrum mönnum“. Konungurinn sjálfur er einnig hinn reiðasti og meinar Teiti að tala á þinginu. Hins vegar leyfir hann Jóni presti Ögmundarsyni að taka til máls. Jón talar kristilega og verður tíðrætt um örlög þess konungs sem fellir ranga dóma.

Nú rís Gísl úr sæti, biður um orðið og lýsir þeim atburðum þegar Gjafvaldur drap föður hans á Íslandi og síðan tilraunum sínum til að hefna föður síns. Í tvö skipti gat hann ekki látið til skarar skrifa því að hann vildi virða kirkjuna og nónhringingu. Eftir ræðu sína flytur Gísl lofkvæði um konunginn. Kvæðið var vel flutt, „en ekki var þar mikill skáldskapur í því kvæði“. Gísl biður Íslendingana að setja sig ekki í hættu sín vegna en leggur höfuð sitt í kné konunginum og biður hann að gera af því það sem hann vilji. Konungur segir hann sjálfan skulu ráða höfði sínu og vísar honum til þess sætis sem Gjafvaldur hafði áður haft. Íslendingarnir borga þau manngjöld sem konungur setur upp. Konungurinn segist vilja vera undir bænum Jóns Ögmundarsonar og að lokum sættast Jón prestur og Sigurður ullstrengur en um hann hafði Jón sagt að hann talaði í nafni fjandans.

Rammi þessarar höfuðlausnarfrásagnar er mjög kristilegur, sbr. klukknahtjóðin, orð hirðbiskups, bón Gjafvalds og ræðu Jóns. Í B-gerð Jóns sögu helga (*GþB*) tekur frásögnin þó á sig enn meiri helgisvip og hlutverk Jóns stækkar enda birtist hann þar sem sannkallaður kraftaverkamaður: honum tekst að halda Gísl á lífi í tvo sólarhringa þar sem hann hangir í gálga.¹ Þarna á Gjafvaldur engan þátt í björgun Gísls enda látinn áður af sárum sínum. Og þar er það ekki Teitur Gissurarson sem er í forsvari Íslendinganna, heldur föðurbróðir hans, Teitur Ísleifsson. Höfuðlausnarminnið birtist ekki í B-gerðinni.

Víkjum nú nánar að varðveittum gerðum þáttanna og sambandinu milli þeirra. Um alllangt skeið var sú skoðun Sigurðar Nordals ríkjandi að Gísls þáttur í Huldu og Hrokkinskinnu (*GþH*) væri ættaður frá latneskri sögu Gunnlaugs munks Leifssonar um Jón biskup helga. Sagan er eins og áður segir aðeins varðveitt í þremur íslenskum gerðum. B-gerð sögunnar, þar sem meira er sagt af Gísl en í hinum gerðunum, áleit Nordal elstu gerðina og væri hún næstum bein þýðing latneska textans. *GþH* ætti rætur að rekja til þáttarins í B, væri „ekki mjög gamall“ (Borgfirðinga sögur 1938:xlx) og skrifaður „í anda Íslendingasagna“. Rök fyrir ungum aldri *GþH* kvað Nordal einkum þau að þátturinn væri ekki í Morkinskinnu. Bæði Odd Nordland og Bjarni Einarsson voru sömu skoðunar (Nordland 1956:79, Bjarni Einarsson 1961:224 og 1975:196). En árið 1969 sýndi Peter Hallberg fram á að B-gerð Jóns sögu væri yngri

¹ Að vísu er í B-gerðinni greint frá því að „sumar bækur“ segi „að Gísl fyrnefndur hafi eigi verið hengdur“. Taka má fram að athæfi Jóns við gálgan minnir á atvik í Marteins sögu biskups í Tours.

en A-gerðin¹ (þar er aðeins stutt frásögn af Gísl) og þar með sköpuðust forsendur til að taka málefni Gísls þáttar til athugaunar á ný. Jonna Louis-Jensen birti rannsókn sína árið 1977. Hún hélt því fram að B-gerðin sýndi yngri stíleinkenni (1300) en A en væri þrátt fyrir það nær frumpýðingunni (1977:112). Jafnframt sýndi hún fram á (114) að frásögur af Gísl hefðu ekki verið í latneska textanum heldur einungis í þýðingum þess texta; Louis-Jensen áleit að *GpH*-gerðin væri þó ekki fyrirmynd að *GpB* af því að á fyrrnefnda staðnum vantaði frásögn af Írlandsferð Gísls sem B greinir frá. Bæði *GpH* og frásagnirnar í Jóns sögu (A, B og C) ættu rætur að rekja til stuttrar sögu² af Gísl. Síðar fullyrta svo Peter Koppenberg (1980) að A-gerð Jóns sögu stæði frumtextanum næst. Koppenberg er sammála Louis-Jensen um að þáttur af Gísl hafi ekki staðið í frumgerð sögunnar (1980:223; Finnur Jónsson hafði einnig látið þá skoðun í ljós).³ Báðir fræðimennirnir benda á að frásögnin af Gísl, sem sjálf myndar ágæta heild, raski jafnvægi sögunnar.

Það sem m.a. vakti athygli mína við lestur *GpH* var það hve hann minnti um margt á Hallfreðar sögu, frásagnir í Heimskringlu og Jörvíkurfrásögn Egils sögu. Um líkingar við Egils sögu nægir að vísa til texta en aðeins minnt á að íslenskt skáld drepur konungsmann (Berg-Önund/Gjafvald) og að í varnarræðu konungsmanns (Arinbjarnar/Gjafvalds) er beitt sömu rökum í báðum textum. Einnig má minna á svipuð rök óvina skálds. Hér er óþarfi að gera ráð fyrir beinu sambandi milli texta enda um minni að ræða sem víða birtast og oft tengjast höfuðlausn.⁴ Hins vegar virðist mér mjög líklegt að Snorri Sturluson hafi þekkt Gísls þátt þegar hann skráði Heimskringlu (og þá einnig Egils sögu sé hann höfundur hennar). Frásögnin í Ólafs sögu helga af því þegar Þórarinn Neffjólfsson bjargar Ásbirni Selsbana undan reiði konungs líkist um margt Gísls þætti (og gæti það verið ástæðan fyrir því að Snorri sleppir Gísls þætti í Heimskringlu sinni). Einkum skulu hér tilnefnd helgargriðin⁵ og klukknaeringingarnar sem tengjast pretti alveg eins og látið er liggja að í Gísls þætti. Í Helgisögunni af Ólafi er frásögnin af Ásbirni Selsbana einnig varðveitt en athygli vekur að einmitt í þeim atriðum sem hér voru nefnd víkur Snorri frá henni.

Í Hallfreðar sögu og Gísls þætti eru orðalagslíkingar í ræðum þeirra Sigurðar ullstrengs í *GpH* og Kálfs í Hallfreðar sögu (Íslendinga sögur III:2119, II:1234 og 1204). Einnig má benda á þunglyndi skáldsins áður en átök hefjast, sömuleiðis þátt þeirra í björguninni sem skáldið hafði sært (Gjafvaldur/Þorleifur spaki). Á báðum stöðum er vísað til minnis/minnisleysis og hirðbiskup leggur inn gott orð. — Einar Ólafur

1 Björn M. Ólsen hélt þessu einnig fram.

2 Í merkingunni sjálfstæð frásögn. Geti má þes að í Huldu er ekki minnst á þátt; fyrirsögnin þar er: Af Gísl Illugasyni

3 Því má bæta við að Koppenberg áftur að Jóns saga sé ekki rituð á latínu upphaflega og að Gunnlaugur sé ekki höfundur hennar.

4 Um þetta hef ég fjallað nánar í óbirtri doktorsritgerð við Münchenarháskóla.

5 Sbr. orð Þórarins sem eru næstum hin sömu og hirðbiskupsins í Gísls þætti: „Grið mun sjá maður skulu hafa um helgina þótt hann hafi illa til gört“ (Snorri Sturluson II:203).

Sveinsson veitti athygli orðalagslíkingum í Hallfreðar sögu, Gísls þætti (*GþH*) og Jóns sögu helga (Vatnsdæla 1939:160, 3. nmgr.). En hann dró af því þá ályktun að höfundur Hallfreðar sögu hefði þekkt Jóns sögu helga eftir Gunnlaug munk.

Louis-Jensen nefnir ekki orðalagslíkingarnar milli Hallfreðar sögu og Gísls þáttar (*GþH*). Hún bendir hins vegar á líkindi milli þáttarins og Heimskringlu og annarra sagna (t.d. Fóstbræðra sögu og Færeyingasögu), og hún hallast það því að ritari Gísls þáttar (*GþH*) hafi bætt mótívum og klisjum úr eldri sögum í þá frásögn af Gísl sem hann hafði fyrir sér (bls. 121-122).

Ég tel að með tilliti til samsvarana milli Gísls þáttar (*GþH*) og verka Snorra Sturlusonar annars vegar og Hallfreðar sögu hins vegar að líta verði á Gísls þátt sem fyrirmynd nefndra verka. Snorri og höfundur Hallfreðar sögu hafi m.ð.o. þekkt þátt af Gísl mjög líkan *GþH* og notað á margan veg. Einkum er það athyglisvert, eins og áður segir, að Snorri víkur frá Helgisögunni þegar hann nefnir helgargriðin og klukknaðhljóminn í Ólafs sögu sinni. Í Gísls þætti er nefndur prettur í sambandi við hinar snemmbúnu klukknaðringingar. Þessi prettur virðist einmitt hafa gefið Snorra tilefni til að útfæra mótífið nánar í Heimskringlu. Ekkert mælir gegn því að Snorri hafi þekkt Gísls þátt í svo að segja sömu gerð og hann birtist í Huldu og Hrokkinskinnu. Þess vegna er óþarfi að gera ráð fyrir að B-gerð Jóns sögu styðjist við gerð sem er ólík *GþH*. Það sem sagt er í B-gerðinni um Írlandsferð Gísls er engan veginn þess eðlis að það tengist persónu Gísls föstum böndum, enda er hér um smáhlutverk að ræða, n.k. orðaleik þar sem Magnús berfættur sendir Gísl með öðrum gíslum á fund Írlandskonung. Ritari B-gerðar Jóns sögu hefur vitað að Gísl fór með Magnúsi konungi í fyrri för hans í vesturveg eins og yngri konungasögur herma og þess vegna lá beint við að tengja nafn hans þessari kómísku gíslafrásögn af Írlandi (sjá Íslendinga sögur III:2127).

Um ritunartíma Gísls þáttar, þ.e. þáttar af Gísls sem í meginartriðum hefur haft þá mynd sem varðveitt er í Huldu og Hrokkinskinnu (*GþH*) er það að segja að hann hefur að öllum líkindum orðið til mjög skömmu eftir 1200. Saga Jóns sem upphaflega hlýtur að tengjst því er hann var tekinn í heilagra manna tölu (1200) hefur ekki þekkt þáttinn (sbr. það sem sagt var hér að framan) og því getur hann vart verið eldri (höfundur þáttar hefur varla þekkt söguna af því að tímatal hans er ekki í samræmi við hana. Kunni hann ekki latínu?). Hins vegar er mjög líklegt að einmitt um þær mundir hafi hann orðið til, enda mest þörfin og stemningin til að upphefja Jón um það leyti sem hann var tekinn í dýrunga tölu.¹

Um aldur Hallfreðar sögu er það að segja að hún hlýtur að vera eldri en Egils saga, sbr. hin sannfærandi rök Bjarna Einarssonar (1975:201-206) en einnig eldri en Heimskringla, sbr. formála Einaris Ólafs

¹ Lokaorð þáttarins eins og við þekkjum hann (*GþH*) benda og til þess að hann sé ekki skráður fyrir 1200: „En Jón prestur varð biskup að Hólum og er nú sannheilagur“ (Íslendinga sögur III:2122).

Sveinssonar að sögunni (Hallfreðar saga 1939:lxiii, 2. nmgr.). Líkindin við Færeyinga sögu, sem Louis-Jensen bendir á og tengjast því þegar feður ungra drengja eru vegnir, geta samkvæmt framansögðu verið á þann veg að frásögnin af Gísl sé fyrirmyndin.

Þessar vangaveltur um Gísls þátt mætti þá draga svona saman: Ekkert virðist því til fyrirstöðu að sú mynd Gísls þáttar sem varðveitt er í Huldu og Hrokkinskinnu (*GpH*) hafi verið fyrirmynd þeirra frásagna af Gísl sem Jóns saga helga geymir. Þátturinn hefur haft áhrif á Hallfreðar sögu en einnig á Heimskringlu og Egils sögu og væri þá gott vitni um mikilvægi Íslendingaþátta við sköpun Íslendingasagna.

Fróðlegt flugunarefni í framhaldi af þessu er tilurð þáttar á borð við Gísls þátt. Um þátt Styrmis af Óttari svarta var sagt hér að framan að hann hefði smátt og smátt tekið á sig þá mynd sem hann hefur hjá Styrmi eins og sést af varðveittum ritum. Um þróun Gísls þáttar fram um 1200 er hins vegar ekkert unnt að segja með vissu. Var hann t.d. upphaflega hluti konungasögu? Fjarvera hans í Morkinskinnu gæti stutt þá hugmynd að hann hafi upphaflega verið sjálfstæð frásögn (sbr. Louis-Jensen). Annars konar fjarveru er einnig freistandi að líta á, þ.e. fjarveru Jóns Ögmundarsonar í upphaflegri mynd hans. Þegar grannt er skoðað virðist Jóni ofaukið í þáttinn. Hér skal aðeins nefnt að það fer illa saman við tímatal þáttarins að bendla Jón við hann. Einnig virðist mjög hæpið að gera hinn unga Jón prest að samtímamanni Teits Gissurarsonar, enda hefur ritari B- (og C-) gerðar Jóns sögu breytt þessu og sett Teit Ísleifsson, föðurbróður hans, í staðinn (A-gerðin hefur Teit Gissurarson eins og *GpH*).

Skáldatal rennir stoðum undir það að Gísl hafi verið hirðskáld Magnúsar berfættis. Til hins sama benda frásagnir yngri konungasagna, sbr. Morkinskinnu. Landnáma getur ættar Gísls og nefnir „Gils er vá Gjafvald“. Orðmyndin Gils birtist einnig í B-gerð í upphafi þáttar. Líklegt verður að telja að tilvitnuð orð séu viðbót í Landnámu undir áhrifum frá þætti (sögu) af Gísl.

Þeir atburðir sem lýst er í þættinum eiga að gerast á tíunda tug elleftu aldar og eru því ekki eins fjarlægir og atburðir í flestum öðrum Íslendingaþáttum. Um sannsögulegan kjarna skal þó ekkert fyllirt. Var hér upphaflega um að ræða lofgjörð um ofurhugann Teit sem dó ungur og var af ætt fyrstu Skálholtsbiskupa? Síðar kann frásögnin að hafa tengst höfuðlausnarminninu og að lokum orðið að jarteinasögu af manni sem hvergi var nærri upphaflegum „atburðum“. Um hlutföll milli munnlegrar og bóklegrar hefðar í þessari þróun verður aldrei hægt að fullyrða neitt. En ekkert virðist því til fyrirstöðu að álykta að Gísls þáttur í þeirri mynd sem við þekkjum hann úr Huldu og Hrokkinskinnu hafi legið nánast fullskapaður fyrir á bókfelli áður en þær sögur voru skráðar sem hér hafa verið nefndar til samanburðar.

[Það sem hér segir er kynning á þeim fyrirlestri sem lagður verður fram á ráðstefnunni sjálfri í endanlegri gerð.]

Helstu heimildir:

- Bjarni Einarsson. 1961. *Skáldasögur. Um uppruna og eðli ásta-skáldasagnanna fornu*. Bókaútgáfa Menningarsjóðs. Reykjavík.
- Bjarni Einarsson. 1975. *Litterære forudsætninger for Egils saga*. Stofnun Árna Magnússonar. Reykjavík.
- Borgfirðinga sögur. 1938. *Íslensk fornrit III*. Sigurður Nordal og Guðni Jónsson önnuðust útgáfuna. Hið Íslenska fornritafélag. Reykjavík.
- Peter Hallberg. 1969. „Jóns saga Helga“. *Afmælisrit Jóns Helgasonar 30. júní 1969*. Heimskringla. Reykjavík, 59-79.
- Íslendingasögur og þættir I-III*. 1987. Ritstjórar: Bragi Halldórsson, Jón Torfason, Sverrir Tómasson og Örnólfur Thorsson. Svart á hvítu. Reykjavík.
- Peter Koppenberg. 1980. *Hagiographische Studien zu den Biskupa Sögur. Unter besonderer Berücksichtigung der Jóns saga helga*. *Scandica. Wissenschaftliche Reihe 1*. Bochum.
- Jonna Louis-Jensen. 1977. *Kongesagastudier. Kompilationen Hulda-Hrokkinskinna. Bibliotheca Arnemagnæana XXXII*. Kaupmannahöfn
- Odd Nordland. 1956. *Höfuðlausn i Egils saga. Ein tradisjonskritisk studie*. Det norske samlaget. Oslo.
- Snorri Sturluson. 1941-51. *Heimskringla 1-3. Íslensk fornrit XXVI-XXVIII*. Bjarni Aðalbjarnarson annaðist útgáfuna. Hið Íslenska fornritafélag. Reykjavík.
- Vatnsdæla saga, Hallfreðar saga, Kormáks saga, Hrómundar þáttir halta og Hrafn's þáttir Guðrúnarsonar. 1939. *Íslensk fornrit VIII*. Einar Ól. Sveinsson annaðist úrgáfuna. Hið Íslenska fornritafélag. Reykjavík.

Baldur Hafstað
Kennaraháskóla Íslands